

KJARTAN MÁR ÓMARSSON

## Hans ær og kýr – höfundareinkenni Bergsveins Birgissonar

### *Troðið á gróðurnálum*

Gauti Kristmannsson talaði eitt sinn um hversu erfitt væri að rýna í frumraunir skálda og nefndi þrjár ástæður máli sínu til stuðnings. Sú fyrsta væri að menn vildu almennt ekki „drepa nýgræðingana sem enginn veit hvað úr verður“. <sup>1</sup> Þá nefndi hann að „ekki væri neitt að miða frá“ þegar um fyrstu verk væri að ræða og loks þótti honum, réttilega, að fjöldi gagnrýnenda sem hefðu rifið í sig frumverk góðra höfunda væri nægur fyrir og klykkta út með spurningu: „hver vill enda í hópi þeirra sem sjá ekki hæfileikana frá byrjun?“<sup>2</sup>

Bergsveinn Birgisson, sem verður hér til umfjöllunar, segist hafa fengið áhuga á skáldskap strax á unga aldri og aðeins verið á ellefta ári þegar hann byrjaði að setja saman skringivísur.<sup>3</sup> Áratug síðar, 1992, mun fyrsta heildstæða verk Bergsveins hafa komið út í bókarformi, tuttugu og fimm blaðsíðna ljóðabók sem fékk heitið *Íslendingurinn*. Mér hefur aðeins tekist að hafa uppi á einni umfjöllun um frumraun Bergsveins, ritdóm sem Jón Özur Snorrason skrifar í *Morgunblaðið* 11. nóvember 1992, sem hér má sjá útdrátt úr.

Svo virðist sem skúffuskáld og krárskáld [svo] séu mörg á þessu landi. Nokkur þeirra ganga fetinu lengra og gefa ljóð sín sjálf út á bók og reyna með því móti að koma þeim til lesenda. Þó er megnið

<sup>1</sup> Gauti Kristmannsson, *Viðbrögð úr Viðsjá*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, 2011, bls. 48.

<sup>2</sup> Sama heimild, bls. 48.

<sup>3</sup> Kolbrún Bergþórsdóttir, „Enginn maður skapar sig sjálfur“, *Fréttablaðið*, 20. nóvember 2003, bls. 43.



af því sem gefið er út á þennan hátt ákaflega lítils virði [...] Líklega langar Bergsvein helst af öllu að verða níðskáld og snúa öllum viðteknum hugmyndum á haus [...] Undir niðri krauma sárindin og reiðin og hefta dómgreind hans [...] Það hlýtur að teljast frekar neyðarlegt að hafa gefið út ljóðabók án þess að búa yfir hæfileika til þess að yrkja af einhverju viti. Hér er vitleysan miklu frekar sett í orð. Hugsun Bergsveins er óskýr svo vægt sé til orða tekið. Hann reynir að búa til ný orð eða tilbrigði við eldri orð eða orðasambönd en honum mistekst það gjörsamlega [...] Yrkisefni höfundar eru sundurlaus en eiga að lýsa einhverju íslensku eins og nafn bókarinnar gefur til kynna.<sup>4</sup>

Ritdómur Jóns er óneitanlega skemmtilegur aflestrar þegar hugað er að vangaveltum Gauta Kristmannssonar um hæfileika í upphafi. Í dag hefur Bergsveinn Birgisson verið starfandi sem rithöfundur, fræðimaður, greinahöfundur og þýðandi í tuttugu og fimm ár. Ritaskrá hans telur meðal annars þrjár ljóðabækur og fjórar skáldsögur, en auk þeirra hefur Bergsveinn skrifað fjölda fræðigreina sem birst hafa víða. Þá hefur hann hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, meðal annars þrjár tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, og fyrir skemmstu var hann sleginn til riddara af Haraldi fimmta Noregskonungi.<sup>5</sup>

Ljóst er að ofangreindu að Bergsveinn er fyrirferðarmikill höfundur en þrátt fyrir að hann hafi verið starfandi nokkuð jafnt síðasta aldarfjórðunginn hefur lítið verið fjallað um hann á fræðilegum vettvangi. Að undanskildum nokkuð greinargóðum ritdómum sem birst hafa um verk hans annars vegar í *Tímariti Máls og menningar* en hins vegar í *Víðsjá* er hann hvergi að finna

<sup>4</sup> Jón Özur Snorrason, „Að kveða sér hljóðs“, *Morgunblaðið*, 11. nóvember 1992, bls. B3.

<sup>5</sup> Bergsveinn var meðal annars útnefndur Riddari af fyrsta klassa fyrir rit- og fræðistörf (Den Konglige Norske Fortjenstorden) árið 2016, sama ár og *Leitin að svarta víkingnum* var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna (fræðirit), viðurkenningar Hagþenkis og Menningarverðlauna DV. Árið 2015 hlýtur hann Rauðu hrafnsfjörðrina, sama ár og frönsk þýðing *Svars við bréfi Helgu* hlýtur Prix Amphi, bókmenntaverðlaun, Háskólans í Lille í Frakklandi, þá var sama bók tilnefnd til alþjóðlegu verðlaunanna International IMPAC Dublin Literary Award, þá var bókin *Svar við bréfi Helgu* tilnefnd til frönsku bókmenntaverðlaunanna PRIX DU MEILLEUR ROMAN. 2014 fær Bergsveinn Kvedemannsþrisen í Björgvin, Noregi, sama ár og hann hlýtur frönsku bókmenntaverðlaunin Prix du Cercle de l'Union Interalliée 2014, þá hefur hann hlotið viðurkenningu Rithöfundasambands Íslands (2012), verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs (2012) og Íslensku bókmenntaverðlaunanna svo eitthvað sé nefnt.

nema í aðkrepptum dálkatittlingum dagblaða eða augnabliks innskotum *Kiljunnar*.<sup>6</sup> Sökum þess og þeirrar kennisetningar að óvinnandi sé að meta hvað vaki fyrir höfundi án þess að þekkja nokkuð forsögu hans og þroska – þar sem viðfangsefni hans séu óhjákvæmilega sögulega skilyrt og tilfinningaleg afstaða hans liggja fyrir áður en skrifin hefjast – er gagnlegt að fara stuttlega yfir feril Bergsveins áður en lengra er haldið.<sup>7</sup>

Fimm árum eftir eldskírn sína inn í íslenskt bókmenntalíf sendi Bergsveinn frá sér aðra ljóðabók sem kallaðist *Innrás liljanna* og féll hún í nokkuð frjórri jarðvegi en sú fyrri.<sup>8</sup> Þá birtust ljóð eftir Bergsvein í *Bók í mannhafið (láttu hana ganga)* sem kom út árið 2000 í ritstjórn Andra Snæs Magnasonar og ári síðar kom út hjá Máli og menningu bókin *Ljóð ungra skálda* að fyrirmynd samnefnds safns frá árinu 1954. Í inngangi nýrri útgáfunnar talar ritstjóri um að bókinni sé ætla að „draga upp heiðarlega svipmynd af ljóðagerð yngstu kynslóðar íslenskra skálda“ og þar má finna fimm áður óbirt ljóð eftir Bergsvein, sem var einn þeirra fimmtán skálda sem stefnt var saman.<sup>9</sup>

Þrátt fyrir að rekja megi útgáfuferil Bergsveins aftur til ársins 1992 er það ekki fyrr en með tilkomu fyrstu skáldsögu hans *Landslag er aldrei asnalegt* að nafni hans fór að bregða fyrir í náttborðsstöflum hins almenna lesanda, en hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þeirri bók fylgdi hann eftir með „skáldfræðisögunni“ *Handbók um hugarfar kúa* sem kom út á þjóð-

<sup>6</sup> Gauti Kristmannsson, „Bergsveinn Birgisson. *Landslag er aldrei asnalegt*“, *Viðbrögð úr Vísjón*, bls. 48–53; Friða Björk Ingvarsdóttir, „Órlagaríkt ástleysi“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2011, bls. 118–126; Þorgeir Tryggvason, „Skrifað við skorður“, *Tímarit Máls og menningar* 1/2016, bls. 130–135; Einar Már Jónsson, „Með teikni-bólum og þolinmæði (og umtalsverðu ímyndunaraffi líka)“, *Tímarit Máls og menningar* 2/2017, bls. 140–145.

<sup>7</sup> George Orwell, *Stjórnarmál og bókmenntir*, þýðandi Uggi Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009, bls. 59–60.

<sup>8</sup> Hrafn A. Harðarson bókasafnsfræðingur og rithöfundur sagði meðal annars *Innrás liljanna* eina bestu ljóðabók síðari ára og jákvæðir dómar birtust í *Morgunblaðinu* og *DV*. NN, „Bókin á náttborðinu“, *Bókasafnið* 1/1998, bls. 70–74, hér bls. 71; Geirlaugur Magnússon, „Blýlynd“, *DV*, 17. desember 1997, bls. 16; Skafti Þ. Halldórsson, „Sendill án pitsu“, *Morgunblaðið*, 16. desember 1997, bls. B3.

<sup>9</sup> Sölvi Björn Sigurðsson (ritstjóri), *Ljóð ungra skálda*, Reykjavík: Mál og menning, 2001, bls. 9. Til gamans má geta að í formála skrifar Sölvi Björn: „Sumir hafa nefnt að ljóðagerð sé nú á dögum aðeins aukabúgrein líkt og kýr eða kartöflur“ (bls. 7). Þar mætti segja að Sölvi hafi hitt naglann á höfuðið því átta árum síðar kemur út bók Bergsveins *Handbók um hugarfar kúa* og tveimur árum enn síðar kemur út bók Sölvu *Dálitill leiðarvísir um heldri manna eldunaradferð og gestakomur í Sauðlauksdal: eður hvernig skal sína þjóð reisa úr öskustó*. Þar munu sem sagt vera tvö skáld sem skrifa um „kýr eða kartöflur“.

hátiðardag Íslendinga árið 2009. Sú útgáfa var viðburður í lífi ákveðinnar kreðsu áhugamanna um bókmenntir hér á landi en átti óhjákvæmilega erfiðar uppdráttar hjá hinum almenna lesanda – enda listilega tyrfin á köflum.<sup>10</sup> Þriðja bók Bergsveins, *Svar við bréfi Helgu*, sem kom út ári síðar var hins vegar allt að því andyrðing *Handbókar um hugarfar kúa*, stutt nóvella, upp á rétt rúmar hundrað síður, og með henni tókst Bergsveini að heilla bæði lærða og leika. Bókin olli eins konar flóðbylgju á jólabókamarkaði það árið og var ekki búin að vera í sölu í þrjá mánuði þegar fimmta upplag hennar fór í prentun. Þá hlaut hún einróma lof gagnrýnenda, tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, kosningu sem besta skáldsaga ársins að mati bóksala og loks var farið að snara henni á önnur tungumál örskömmu eftir útkomu hennar. Móttökur gagnrýnenda hafa því eitthvað mildast. Þá sendi Bergsveinn frá sér sína þriðju ljóðabók árið 2011 sem kallaðist *Drauganet*, árið 2015 kom út Íslendingaskáldsagan *Geirmundarsaga Heljarskinns*, í kjölfarið kom fræðiritið *Leitin að svarta víkingnum* (2016) og nú síðast skáldsagan *Lifandilfslækur* (2018). Á fylgjandi síðum verður litið til skáldsagnanna *Landslag er aldrei asnalegt*, *Handbók um hugarfar kúa* og *Svar við bréfi Helgu* og þeirri spurningu velt upp hvort laða megi fram nokkur sérkenni sem kenna má við höfund þeirra og hvort yrkisefni þeirra séu nokkuð jafn „óskýr“ og „sundurlaus“ og forðum. Til stendur að leita að einhvers konar „höfund“ í verkum Bergsveins. Hér er hins vegar hvorki átti við líkamlegan höfund né heldur ævisögulegan heldur er þess í stað spurt hvort rekja megi einhvern þráð sem liggja um fyrstu þrjár bækur hans. Það er til ákveðin manngerð sem kemst klakklaut úr öllum aðstæðum, svo fremi sem hún hafi vasahníf og spotta í förum sínum. Skrif Bergsveins kalla þessa manneskju fram í huga mér og ég bið hana að afsaka þegar ég legg í hann, kortlaus með eintóman póstmóðernisma og heterótópiu í vösunum.

### *Höfundareinkenni*

Nú hefur hugtakið „höfundur“ og hvaða skilning skuli leggja í það verið ein af stóru spurningum bókmenntafræðinnar í tæpa öld. Franski táknafræðingurinn Roland Barthes sem var einn af áhrifamestu hugsuðum póstrúktúralískra fræða – ásamt þeim Julíu Kristevu, Jacques Derrida og Michel Foucault – setti til að mynda hina rómantísku hugmynd um höfundinn sem upphafspunkt merkingar úr skorðum með ritgerð sinni „Dauði höfundarins“ fyrir

<sup>10</sup> Kjartan Már Ómarsson, „Gesturinn, hjörðin og gvuðið sem neitaði að deyja eða Sögumenn *Handbókar um hugarfar kúa*“, *Skírnir* haust/2017, bls. 168–207.

sléttum fimmtíu árum. Barthes hélt því fram að höfundurinn, líkt og öll tákni almennt, væri afurð þess samfélags sem hann sprytti úr og hlyti sökum þess að teljast menningarsögulega skilyrt fyrirbæri.<sup>11</sup> Barthes áleit textann ekki eiga uppruna sinn í höfundi heldur væri hann óendanlegt samansafn tilvitnana sem dregnar væru úr ótal menningarmiðjum. Það væri því tungumálið en ekki maðurinn sem talaði í textum höfundar. „Að gefa texta Höfund er að setja honum takmörk, að veita honum endanlegt táknið og loka skrifunum“, sagði hann.<sup>12</sup> Því boðaði hann samtímis dauða Höfundarins og fæðingu Lesandans.

Um ári síðar velti Michel Foucault þessari sömu spurningu fyrir sér, hvað höfundur væri og flutti um það fyrirlestur á málstofu Société française de philosophie. Í erindinu, sem hann kallar „Hvað er höfundur?“ viðrar hann þá skoðun sína að ekki sé „nóg að endurtaka innantóm slagorð, að höfundurinn sé horfinn“ heldur ætti „að finna skarðið sem brotthvarf höfundarins skilur eftir sig“ og leiða hugann að „þeirri virkni sem þetta brotthvarf dregur fram“.<sup>13</sup> Foucault var þeirrar skoðunar að höfundurinn væri ekki dauður úr öllum æðum enn þótt Barthes væri hálfnaður að negla kistulokið fast. Foucault talaði um höfundarvirkni og benti á að nafn höfundar gæti í það minnsta þjónað flokkunarfræðilegum tilgangi, að sumum nöfnum fylgi ákveðið kennivald og það gildi hvort tveggja innan fagur- eða nytjarekna. Hann varpaði einnig fram spurningunni um skilgreiningu höfundarverks, hvort allt sem „höfundur“ festi á blað væri ritverk. Eru til dæmis innkaupa- eða skal-gert-listar höfundar hluti af höfundarverki hans, eða ekki? Í sem fæstum orðum sagði hann Barthes hafa drepit höfundinn án þess að gera grein fyrir mismunandi virknieiginleikum hans á mismunandi sviðum.<sup>14</sup> Í stað þess að setja upp sorgarborða og syrgja höfund Barthes spurði hann þess í stað „Hverju skiptir það hver talar“?<sup>15</sup>

Það er því eitt af þessum eilífðarvandamálum hvaða nafni eigi að nefna

<sup>11</sup> Frekari umfjöllun um menningarsögulega skilyrðingu má til dæmis finna í bók Barthes, *Mythologies*, þýðandi Annette Lavers, London: Vintage Books, 2009.

<sup>12</sup> Roland Barthes, „Dauði höfundarins“, þýðandi Guðlaug Richter, *Spor í bókmenntafræðum 20. aldarinnar. Frá Shklovskij til Foucault*, ritstjórar Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 173–180, hér bls. 180.

<sup>13</sup> Michel Foucault, „Hvað er höfundur?“, *Alsei, vald, þekking*, ritstjóri Garðar Baldvinsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 69–95, hér bls. 77.

<sup>14</sup> Sama rit, bls. 30.

<sup>15</sup> Sama rit, bls. 30.

þá tilfinningu sem maður þykist fá fyrir höfundu í skrifum sem þessum, hvort kalla eigi það sál, eða anda, stíl eða boðflennu „með aungu nafni“.<sup>16</sup> Hvað sem við kjósum okkur til hægðarauka að kalla þetta fyrirbæri þá ber okkur að sömu niðurstöðu, og því hef ég kosið að notast við hugtakið *höfundar*-einkenni, þrátt fyrir að sálutíðir höfundarins hafi verið sungnar fyrir hálfri öld. Það verður ekki lögð nægileg áhersla á það, að þegar ég ræði um höfundareinkenni Bergsveins hef ég þematísk einkenni verka hans í huga, ekki frásagnarleg, ævisögulega höfundinn, söguhöfundinn eða sögumann.

Þar sem verk Bergsveins eru allt að því ónumið land og ómengað af sporum fræðimanna tekur maður sér ósjálfrátt hlutverk eins konar skipbrotsmanns á ballarhafi íslenskrar bókmenntasögu. Einn og óbundinn setur maður sig í spor Róbinson Krúsó, byrjar á því að hasla sér völl, plægir svo í jarðlögin og rýnir í hvort eitthvað frjósamt leynist þar undir.

### *Veðurfar, þukl og ismar*

Bergsveini virðist umhugað að orðfærið sem birtist í bókum hans eigi samleið með umfjöllunarefni þeirra. Hann kostar kapps um að tungumálið liggi hvorki lafdautt né standi upp á punkt, heldur leiki hlutverk í sögum hans. Merkja má þennan eiginleika strax í fyrstu skáldsögu hans, *Landslag er aldrei asnalegt*, þar sem segir af sjómanninum Halldóri Benjamínssyni og öðrum kotungum sem draga fram lífið með því að sækja sjóinn í afskekktum firði. Bókin er í raun dagbók Halldórs og hefst hver færsla, nær undantekningarlaust, á veðurfarslýsingu sem vitnar um hve árferðið er snar þáttur í daglegri tilvist trillukarla á hundsútnárum landsins. Orð sem lýsa tíðinni, svo sem: dagmálaglenna, þræsingur, hroði, bál og bleytukrassi, stuðla að því að staðbinda söguviðið. Svipaða sögu er að segja um *Handbók um bugarfar kúa* þar sem aðalpersónan, Gestur Sigurjónsson, er „„alltof“ lærður“ doktor í menningarfræðum.<sup>17</sup> Gestur snýr aftur til Íslands eftir langa námsdvöl erlendis en sérfræðimenntun hans mætir litlum skilningi hjá Frónbúum. Lítið pláss virðist fyrir hann í íslensku menningarlífi eins og sjá má af viðbrögðum konunnar á bak við skrifborð ráðningarskrifstofunnar sem getur ekki varist því að gretta sig þegar hún hefur eftir orðin: Kúltúrstúdur.<sup>18</sup>

<sup>16</sup> Halldór Kiljan Laxness, „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Reykjavík: Helgafell, 1965, bls. 67–79, hér bls. 73.

<sup>17</sup> Bergsveinn Birgisson, *Handbók um bugarfar kúa. Skáldfræðisaga*, Reykjavík: Bjartur, 2009, bls. 22.

<sup>18</sup> Sama rit, bls. 22.

Gestur er gerður framandi og svolítið á ská við umhverfi sitt með tungu-taki sínu sem er gegnsýrt fræðilegu, knosuðu ritmáli, kansellístíl, isma-endingum og fleira í þeim dúr. Það er hreinlega spursmál hvort samsláttur orða, þar sem orðabil vantar milli orða, til dæmis: „menningarmódel,grunn-skemaæðaáberandimetafóruúislenskri menningu“ (33) sé viljaverk til að ítreka þessa stofnanamállýsku og orðaleppi háskólasamfélagsins eða aðeins yfirsjón af hálfu „setjara“. Fleiri dæmi er að finna með jöfnu millibili í bók-inni, til dæmis „Feitakýrinþróastsíðanyfirrhinahagkvæmukúkapítalismans“ (177).<sup>19</sup> Eintakið sem undirritaður hefur undir höndum er úr annarri útgáfu bókarinnar og má því gera því skóna að svona *eigi* þetta að vera. Samanburður við fyrstu prentun sýnir sömu niðurstöður og maður hefði haldið að svona „villur“ væru leiðréttar, væru þær yfirhöfuð villur.<sup>20</sup>

Loks ber að nefna *Svar við bréfi Helgu*, sem segir af bóndanum Bjarna Gíslasyni á Kolkustöðum. Sagan er skrifuð eins og eitt langt bréf af manni sem hefur búið í sveit megnið af 20. öldinni, náttúrubarni sem hefur „skotið ref skítandi“ og „skeint [sig] á snjó“.<sup>21</sup> Í bréfi bóndans má finna kjarnyrta kveðskap, tilvísanir í Íslendingasögurnar og málshætti sem ætla mætti að væru horfnir í dumbungi gleyskunnar. Hrifgjarn maður gæti sagt að svo vandlega sæktist Bergsveinn eftir að fanga málfar búkarlsins að eimdi eftir af sveitalyktinni á blaðsíðunum. Má þar meðal annars nefna lýsingar á fjár-þukli.

Ég sökkti fingrunum í togmikla ullina, þuklaði fyllinguna í bring-  
unni og þaðan niður með rifjunum yfir á geislungana en fann  
hvergi skarða. Síðan tók ég á bakinu og þreifaði út spjaldhrygginn  
og aftur fyrir til að gá hvort hnotaði á mólunum. Þá renndi ég  
fingrunum eftir bringuteinunum, upp á háþornin og niður með  
þverþornunum [...] Ég tók þá á þykkum og vöðvamiklum lærunum  
niður á hækilinn og sá að féð var brúnslétt og vel fyllt og tók af  
allan vafa um að allar myndu hafa það fram úr.<sup>22</sup>

<sup>19</sup> Sama má sjá á bls. 40, 55, 142 og áreiðanlega víðar.

<sup>20</sup> Þar að auki er óneitanlega skemmtilegra að hugsa sér að fagurfræði konkretljóðsins hafi ruðst inn á umráðasvæði frásagnarinnar til að miðla sömu hugmynd, nema á myndrænan máta. Sjá nánar um konkretljóð: Benedikt Hjartarson, „Draumurinn um hinn myndhverfa mann. Um framúrstefnu og konkretljóð“, Af Steypu – afbók #5, ritstjórar Eiríkur Örn Norðdahl og Kári Páll Óskarsson, Reykjavík: Nýhil, 2010, bls. 74–104.

<sup>21</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, Reykjavík: Bjartur, 2010, bls. 81, 77.

<sup>22</sup> Sama rit, bls. 25.

Hnýfilhyrndur, snoppubreiður og geysivel fylltur um spjaldhrygginn, lærin feiknleg niður á hækilinn og u-laga ofan til sem gaf honum firn góða fótstöðu. Hann var með góðar útlegur á brjóstkassa, bringan digur og breið enda ekki nágengur eins og hrútarnir hans Ingjalds á Hóli. Ullin var þelmikil og illhærulaus með hrokknu togi og í meðallagi grófu samt.<sup>23</sup>

Orðfærið sem þarna bregður fyrir er, kannski eðlilega, að glatast á okkar dögum þar sem þessi iðja hefur að mestu lagst af. Það – og sama gildir um áður nefnda meðferð Bergsveins á tungutaki sögupersóna sinna – þjónar hins vegar að minnsta kosti þrennum tilgangi.

Í fyrsta lagi eru sjaldheyrð og sérkennileg orð og orðatiltæki ávallt ánægjuleg aflestrar. Í öðru lagi eykur það raunsæi sagnanna að textinn rími við málnotkun heimamanna. Orðanotkun verður á sama tíma tvívirkt að því leyti að hún er hvort tveggja í senn gömul og ný. Hún er gömul að því leyti að textarnir eru gæddir fornum, staðbundnum, og jafnvel sérkennilegum orðum og munnmælum; en ný sé litið til þess að það er mögulega ekkert hversdagslegt við þau í augum lesenda. Það mætti því segja að nokkurs nýnæmis gæti í fyrnskunni. Hugsanlega er það þar sem tvívirknin kemur einna best fram. Nálgun Bergsveins á tungumál persóna sinna framandgerir um leið og hún gerir textann torveldan og jaðrar við að skáldleg virkni tungumálsins verði ekki aðeins ráðandi á köflum, heldur ríði hreinlega húsum. Skringileg, eða óvanaleg orð eða orðanotkun verður til þess að lesandi hnýtur um þau og staldrar við, það kemur á hann hik. Þetta er það sem rússneski formalistinn Viktor Shklovskíj átti við þegar hann sagði að tilgangur listar væri að gefa tilfinningu fyrir hlutunum eins og þeir væru „til að steinninn sé sannarlega úr steini“.<sup>24</sup> Með framandgervingarvirkni orðavals Bergsveins hægist á skynjun lesanda og segja mætti að hann upplífi verkið í staðinn fyrir að lesa það eingöngu. „Um leið og athöfn verður að vana verður hún eins og ósjálfráð. Allar venjur okkar þoka sér inn á svið hins ómeðvitaða og sjálfvirka“, sagði Shklovskíj.<sup>25</sup> Orðin verða máttlaus í hversdagslegu tungutaki og lesandi skynjar aðeins yfirborð þeirra en ekki fullan þunga. „Með þessu týnist lífið, breytist í ekki neitt. Sjálfvirknin étur upp hluti, klæði, hús-

<sup>23</sup> Sama rit, bls. 47.

<sup>24</sup> Viktor Shklovskíj, „Listin sem tækni“, þýðandi Árni Bergmann, *Spor í bókmenntafræði 20. aldarinnar*, ritstjórar Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls 21–43, hér bls. 29.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 27.



gögn, eiginkonuna og óttann við stríð“.<sup>26</sup> Að því gefnu er sýnt að orðfærið er hvorki upp á punt né til þess að flíka hversu djúpt sé í botninn í brunni Bergsveins. Orðin hafa ákveðinn starfa, sem er að láta lesanda hika, og skynja.

Loks verða persónur eins konar tungutakssagnfræðingar. Sérstæð málnotkun Bergsveins stuðlar hugmyndafræðilega að varðveislu tungumálsins. Hann hefur sagt sér þyki tungumál vera „flórir hugsunarinnar og þegar þjóð missir tengslin við tungumál sitt missir hún líka tengslin við allt sem hefur verið hugsað á tungumáli. Það hlýtur að vera snauðari menning en áður“.<sup>27</sup> Með því að festa tungumálið á bók hlúir Bergsveinn að þjóðlegum verðmætum fyrir komandi kynslóðir, verðmætum sem kynnu öðrum þræði að enda í glatkistunni.<sup>28</sup>

### *Mother, you had me ...*

Splundraðar fjölskyldur, þar sem samband karlpersóna við konur og sér í lagi maður er í forgrunni, einkenna einnig bækur Bergsveins. Sé litið á fyrstu þrjár skáldsögur hans í tímaröð sést hvernig hann leikur sér að framsetningu móðurímýndarinnar. Móðirin í *Landslag er aldrei asnalegt* er frá hverf, móðirin í *Handbók um hugarfar kúa* er fölsk og loks er móðirin í *Svari við bréfi Helgu* alls engin móðir þar sem hún er óbyrja. Þar á ofan er móðurlutverkið skoðað úr ólíkum áttum. Lesandi lítur móðurina með augum sonarins í *Landslag er aldrei asnalegt*. Halldór Benjamínsson er barnlaus og í þokkabót aðeins hársbreidd frá því að vera munaðarlaus. Hann er einkabarn sem missir föður sinn aðeins tólf ára gamall, föður sem hann þekkti ekki því hann var „alltaf úti á sjó“.<sup>29</sup> Síðar, þegar Halldór er lagður í einelti í skólanum fyrir sunnan er móðir hans honum fráhverf. Halldór lætur að því liggja að viðvera sé engan veginn það sama og tilvera. Móðir hans var kannski nærri honum en hún var langt í frá nán honum. Hann segir: „þarna

<sup>26</sup> Sama rit, bls. 29.

<sup>27</sup> Hávar Sigurjónsson, „Skáld kemur til sögunnar“, *Morgunblaðið*, 4. nóvember 2003, bls. B5.

<sup>28</sup> Hér má sjá vissar taugar liggja milli Bergsveins og Þórbergs Þórðarsonar sem var ötull orðasafnari og hafði eldlegan áhuga á þjóðlegum fræðum. Þar að auki eru umfjöllunarefni þeirra, tilvistarleg og pólitísk, til dæmis sammælanleg að vissu marki.

<sup>29</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, Reykjavík: Bjartur, 2003, bls. 130. Það er aldrei talað um að Halldór eigi systkini. Á einum stað stendur „smám saman fer fólkíð heima að leysast upp“ en það hlýtur að vera túlkunaratriði hvers og eins hvaða „fólk“ þetta er. Ég hef kosið að líta sem svo á málið, þar sem nánasta fjölskylda er ekki ítrekuð frekar, og þar sem aðeins er talað um jólagjöf frá móður hans (ekki að allir þurfi endilega að gefa jólagjafir), að hann sé einkabarn.

er mamma við pottana og þegar ég ætla að faðma hana, þá gríp ég í tómmt því hún er ekki lengur úr efni og spyr hvort ég sé búinn að borða eitthvað og leysist upp. Hverfur.<sup>30</sup>

*Handbók um hugarfar kúa* er tileinkuð móðurástinni sem er ákveðinn vísir að því hversu mikið er lagt upp úr hlut móðurinnar. Gestur, aðalpersóna bókarinnar, er í tvöföldu hlutverki sem faðir og sonur og foreldrahlutverkið tæklað úr tveimur áttum þar af leiðandi. Móðir Gests er svipt forræði yfir honum þegar hann er í hvítavodum og amma hans gengur honum í móðurstað svo ekki falli skuggi á mannorð fjölskyldunnar. Það stafar kulda af ömmu og stjúpafa Gests og honum líður vægast sagt illa í návist þeirra eins og sést af lýsingunni á aðdraganda heimsóknar Gests og konu hans til þeirra. „Það hafði byggst upp í mér spenna í marga daga fyrir þessa heimsókn. Við höfðum farið nokkrum sinnum áður til mömmu og pabba og alltaf hafði Catherine á orði að ég hyrfi frá henni.“<sup>31</sup> Samband Gests við „foreldra“ sína getur af sér nokkurs konar vítahring og afleiðingin verður sú að gremjan sem hann ber í brjósti til þeirra bitnar á hans eigin fjölskyldu, eiginkonu og dóttur. Samband Gests og eiginkonu hans verður æ raunalegra eftir því sem Íslandsdvöl þeirra hjóna lengist og sú stund rennur loks upp að kona Gests getur ekki legið á skoðunum sínum lengur. „Catherine talaði lengi og sagðist halda að þessi Íslandsdvöl ætti eftir að gera út af við samband okkar. Hún sagði að ég væri kaldur og harður, pirraður yfir smámunum.“<sup>32</sup> Að endingu atvikast hlutir svo að kona Gests gefst upp á honum og þau skilja að borði og sæng. Catherine fer aftur til Englands ásamt dóttur þeirra en Gestur verður eftir á Íslandi. Hann upplifir því í annað sinn að „móðir“ yfirgefur hann.<sup>33</sup> Í

<sup>30</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 238. Sögnin að hverfa, eða orðið „hvarf“ kemur ítrekað fyrir í skáldsögum Bergsveins og hefur ákveðinn merkingarauka. Hann virðist nota þetta orð til þess að sýna fram á tilfinningalega fjarveru, skort á nánd, hvort sem sá sem hverfur sé þolandi eða gerandi. Orðið „hvarf“ verður, í meðförum Bergsveins, eins konar farangur sem fylgir þunglyndi persóna hans og aðstandenda þeirra og má túlka sem svo að hann sé að reyna að fanga þann skort sem þær upplifa tilvistarlega, tilfinningalega, og í framtaki sínu. Til dæmis má benda á að talað er um „hvarf“ í *Svar við bréfi Helgu* þegar Bjarni segir að konan hans – sem er þunglynd – hverfi frá sér. „Hún yfirgaf mig í hinum efnislega heimi“ (21). Hvarfið kemur sömuleiðis fyrir í *Handbók um hugarfar kúa*, til dæmis „Þú hverfur frá mér“ (25).

<sup>31</sup> Bergsveinn Birgisson, *Handbók um hugarfar kúa*, bls. 62. Viðbrögð Gests eru ítrekuð á stöku stað, til að mynda þegar Catherine segir: „[Þ]að er eitthvað meira en lítið bogið við það hvernig þú verður þegar við erum hjá mömmu þinni og pabba. Þú hverfur frá mér. Þú verður hvítur í framan og hættir að tala“ (25).

<sup>32</sup> Sama rit, bls. 88–89.

<sup>33</sup> Það má benda á að endanlegur skilnaður Gests við líffræðilega móður sína verður

kjölfar skilnaðarins þyrmir yfir Gest og í örvæntingu sinni leitar hann huggunar í faðmi annarrar konu – fráskilinnar móður.

Þráðurinn er tekinn upp að nýju í *Svari við bréfi Helgu*. Samband Bjarna við móður sína er hvergi beinlínis rætt, en það má lesa söknuð, missi og jafnvel viðveruleysi móður þegar Bjarni samsvarar sig gimbli í kvæði: „Þegar ég sá gimbil ágjarnan í næring frá móður sinni, sá ég sjálfan mig í honum og hvernig segir ekki í þjóðstefinu forna: Gimbill yfir götu rann / hvergi sína móður fann, / þá jarmaði hann.“<sup>34</sup> Þeim Bjarna og konu hans Unni verður ekki barna auðið og því einkennist fjölskylda þeirra og skoðun móðurhlutverksins af ófullnægju. Bjarni og kona hans eru sveitafólk og því er frjósemi og fjölgun mikilvæg afkomu þeirra og öllu átakanlegra en ella að þau geti ekki aukið kyn sitt. Kona Bjarna lítur af þessum sökum á sig sem gallagrip, „gamlan gemling“, og gerist þung í skapi, sem tekur sinn toll af hjónabandi þeirra.<sup>35</sup> Samlífi þeirra hjóna er reyndar ekkert og sá dagur rennur upp að Bjarni finnur löngunum sínum svölun í faðmi annarrar konu. Sú verður þunguð eftir hann en í stað þess að hlutverki Bjarna verði loks fullnægt eykst kröm hans að hálfu þar sem hann getur ekki opinberað faðernið. Þau áttu víst barnið í meinum. Konan er gift og Bjarni kvæntur, en ekki hvort öðru. *Svar við bréfi Helgu* er í raun saga um brostna fjölskyldu, ást í meinum og tryggðaröf því það skrifar – svo ekki sé skafið af því – maður til frilla sinnar sem gat honum barn í lausaleik. Það er óvíst hvar rætur hjónabandsörðugleika Bjarna liggja, hvort þær séu fólgnar í villuspori hans eða hvort þær felist í lundarfari Unnar, konu hans. Þótt talsvert sé gert úr því að Unnur sé gröm vegna þess að hún grunar Bjarna um að girnast konu náunga síns er einnig látið að því liggja að ólundin hafi blundað í henni alla tíð og Bjarni spyr sig: „Var þetta ef til vill geðið harðnaða sem alltaf bjó undir og ég hafði haft veður af, sem braust út að lokum“.<sup>36</sup>

### *Af ósýnilegum harmi*

Þunglyndi liggur eins og rauður þráður gegnum höfundarverk Bergsveins. Í *Landslag er aldrei asnalegt* segir til að mynda á einum stað: „Mennirnir hafa skáldað með sér þetta svokallaða samfélag. Jafnframt þessu hefur engin

---

ekki ljós fyrr en í lok fyrsta hluta bókarinnar fyrir millikaflann „Gullaldarkýrin“ en í þeim kafla skilur kona Gestis við hann. Þannig verður speglun þessara tveggja skilnaða enn átakanlegri.

<sup>34</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, bls. 27.

<sup>35</sup> Sama rit, bls. 12.

<sup>36</sup> Sama rit, bls. 9.

apategund á jarðríki þróað vandlegar með sér hæfileikann til að finnast sem hún sé útundan frá þessu blessaða samfélagi.<sup>37</sup> Halldór stríðir við þunglyndi sökum bældra atburða úr bernsku sinni, hann var lagður í einelti í skóla og honum enginn kærleikur sýndur á heimili sínu. Þannig stríðir hann við hvort tveggja neikvæð öfl á félagslegum og einkalegum vettvangi og það koma dagar þar sem hann liggur í sjálfskipaðri einangrun, bragðar hvorki vott né þurrt og neitar samskiptum við menn.<sup>38</sup>

Ég tók að hugleiða ský og liggja í þunglyndi þess á milli þar sem ég sagði sjálfum mér að ég væri bara ýsukúkur og prump og gegnrotinn aumingi og ætti aldrei skilið að eiga kærustu eða tilheyra fjölskyldu.<sup>39</sup>

Þunglyndi Halldórs er einnig lýst utanfrá þegar oddviti Hneitisstaðarhrepps, sem stendur að útgáfu bókar Halldórs (sjá „vélritað“ bréf í upphafi bókar), skýtur inn uppfyllingarköflum þar sem samhengi brestur í frásögninni, til dæmis: „[H]ann líkt og missti viljann til lífsins. Halldór hélt til í herberginu á aðra viku og kom fram á nóttunni til að borða [...] Það höfðu alltaf komið svona dagar inn á milli hjá Halldóri.“<sup>40</sup> Skömmin og sjálfsfyrirlitningin er eitthvað sem Gestur á sameiginlegt með Halldóri og orsakar þeirra má, líkt og hjá Halldóri, rekja til eins lags frumatburðar, áfalls úr æsku. Lesandi nýtur þar forréttinda umfram Gest þar sem honum er gefið færi á að lesa bréf sem fleyga bókina með jöfnu millibili. Þau skrifar raunveruleg móðir Gests og fjallar hún í þeim um atburði sem áttu sér stað í bernsku hans. Minninguna hefur Gestur bælt – ásamt því að lifa í lygi „foreldra“ sinna – allt þar til hann fer í höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð sem er lýst sem „eins konar árunudd[i]“ sem losar um kaffærðar minningar og tilfinningar.<sup>41</sup>

Hægt og bítandi, allt frá upphafssíðum *Handbókar um bugarfar kúa*, syrtir í álinn hjá Gesti og hann hverfur æ meira inn í sig, með stigvaxandi sjálfsásökunum, eins og sést ef gripið er niður í bókina með jöfnu bili: „Eftir því sem á leið magnaðist eitthvert gamalt vonleysi innra með mér“; „Ég var ekki húsum hæfur, ég var stappfullur af dörtí, slísí kenndum sem ég skildi

<sup>37</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 119.

<sup>38</sup> Halldór talar til að mynda um að hann hafi sífellt flúið meinið innra með sér í kaffanum „Til baka í Geirmundarfjörð“ þar sem hann líkt og sker á meinið og ræðir ástæður þess að hann hefur átt við þunglyndi að stríða (bls. 227–231).

<sup>39</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 229–230.

<sup>40</sup> Sama rit, bls. 85.

<sup>41</sup> Bergsveinn Birgisson, *Handbók um bugarfar kúa*, bls. 196.

ekki hvaðan komu“; „Ég var ekki nema draugur, eða skuggi [...] með inni-  
lokunarkennd sem óx í sama mæli og skömmin yfir því að vera til“; „Blóma-  
angan lagði úr næstu görðum og söng úr trjánum en innra með honum var  
allt svart“ og meiri bölmóður í þeim dúr.<sup>42</sup> Inn á milli leggst hann svo djúpt  
í von- og ráðaleysi að hann tekur upp á að píska sig með viðarhríslu til þess  
eins að kenna til, og allt endar svo með algeru niðurbroti þegar hann er  
lagður inn á geðdeild.

Líkt og að ofan greinir er látið í veðri vaka að kona Bjarna bónda sé þung-  
lyndissjúklingur. Þar er þó önnur leið farin því líðan hennar er eingöngu lýst  
utanfrá, af aðstandanda, en sama niðurstaða blasir þó við af lýsingum Bjarna:  
„Hún hætti að vilja fara fram úr og vildi ekki taka við fæðunni, komin á  
merg sem hún var og dróst þar upp á körinni af ósýnilegum harmi“; „Þessar  
hviður sem hlupu í hana enduðu síðan með gráti þar sem hún sakaði sjálfa  
sig um að vera geldur gemlingur settur hjá garði“; „Hún bældi innra með  
sér sína kröm og sorg sem étur hjartað eins og stendur í Hávamálum“, svo  
nokkuð sé nefnt.<sup>43</sup> Bjarni á raunar líka sínar ögurstundir þar sem hann talar  
um sína „sjúku sjálfspyndingarhugð undir niðri“ og það er reyndar hann sem  
sekkur dýpst þegar hann segir: „[I]nni í mér var lífsneistinn kæfður. Ég man  
ég reyndi að vera þakklátur fyrir það sem ég hafði, en það var holur hljómur  
í hverjum slíkum þanka.“<sup>44</sup> Botninum er náð þegar hann kastar sér útbyrðis  
úr skektu sinni í því skyni að svipta sig lífi.<sup>45</sup>

Lífsleiði persóna Bergsveins er af ólíkum meiði. Rekja má upphaf þess  
hjá persónum til bældra áfalla úr æsku, eða trámatískra búsisfa síðar á æv-  
inni, vangetu til tjáningar og jafnvel ytri aðstæðna, því stundum virðist sem  
félagslegt umhverfi persóna dragi þær í myrka skel.<sup>46</sup> Umhverfið í bókum  
Bergsveins ber okkur að þeirri samfélagsádeilu sem birtist á síðum þeirra  
leynt og (ofur)ljóst. Eflaust er eitt áleitnasta efni bóka Bergsveins íslensk  
menning, þjóðararfurinn og tungan, og það væri vísast hægt að færa rök fyrir

<sup>42</sup> Sama rit, bls. 24; 25; 72 og 145.

<sup>43</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, bls. 9; 12 og 20.

<sup>44</sup> Sama rit, bls. 87 og 92.

<sup>45</sup> Aukapersónur eru heldur ekki afskiptar gleðileysisinu. Presturinn í *Landslag er aldrei  
asnalegt* er þunglyndur; systir Bjarna bónda sömuleiðis, samanber: „Það var í hausn-  
um á henni einhver ári og henni hrakaði stöðugt“ (bls. 58), og loks má benda á líf-  
fræðilega móður Gests en þunglyndi hennar liggur fyrir í bréfunum sem hún skrifar.

<sup>46</sup> Ítrekun á því að Gestur sé breyttur maður eftir komuna til Íslands er til marks um  
að ytri aðstæður hafi áhrif á sálarlíf einstaklinga. Þetta má sjá þegar Gestur rifjar upp  
orð konu sinnar: „Hún sagði að ég væri gerbreyttur af að vera á þessu landi“. Berg-  
sveinn Birgisson, *Handbók um bugarfar kúa*, bls. 39.

Því að bækur hans séu skrifaðar í uppeldislegum tilgangi líkt og hugarfarslegur búnaðarbálkur; eða, sem leið til þess að smygla tilgátum hans í hugarhirsulur lesenda. Í öllum bókum Bergsveins má finna fyrir persónur sem eru hálfgerðir siðapostular, hrópendur í eyðimörkinni, sápuboxarar eða hreinlega menn sem eru óhræddir að viðra skoðanir sínar umbúðalaust.

### *Hann kom maður ljótastur til Ilíonsborgar*

*Landslag er aldrei asnalegt* er frásögn um líf nokkurra trillukarla í deyjandi sjávarplássi og þar beinist gagnrýnin óhjákvæmilega að baráttu íbúa þess fyrir lífíbrauði sínu. Það er svo álitamál hvort lesandi kjósi að líta á þá umræðu sem einhvers konar menningarbölsýnan áróður eða hreinlega raunsæislega staðreynd sögutíma bókarinnar, þótt vissulega geti þetta tvennt hæglega farið saman. Burt séð frá því vokir samfélagsgagnrýnin líkt og soltinn fugl yfir bókinni og á sínar helstu málþípur í tveimur persónum; annars vegar honum Gusa, afabróður Halldórs, sem er eins konar föðurmynd hans og höfðingi þarna í firðinum, en hins vegar prestinum Sólmundi. Prestur minnir óneitanlega á Jón Prímus – líkt og allir fríþenkjandi guðsmenn sem sigldu í kjölfar *Kristnibalds undir Jökli* – í því að hann aðhyllist fremur eigin náttúru trú en afkrubbaðar kennisetningar kirkjunnar.<sup>47</sup> Hann er brjóstgóður en óvæginn samfélagsgagnrýnandi og jafnaðarmaður. Prestur segir:

Fyrir mér eru aðeins til tvær tegundir manna í pólitíkinni, það eru sparkíliggjandimenn og sósíalistar [...]. Þessir sparkíliggjandimenn trúa á eitt og það er þetta: Ef maður græðir á því, þá er það satt og rétt.<sup>48</sup>

<sup>47</sup> Prestar hafa lengi fengið misjafna meðferð í íslenskri bókmenntasögu og kannski einna versta þegar raunsæisstefnan var upp á sitt besta. Raunsæishöfundar á Norðurlöndunum deildu oft á andans menn fyrir spillingu og hræsni og þar voru íslenskir raunsæishöfundar ekki undanteknir. Þar má nefna sögur Gests Pálssonar *Kerleiksheimilið* (1882) og *Vordraumur* (1888) þar sem prestur og guðfræðinemi eru sýndir í varhugaverðu ljósi, sem fulltrúar hins tvöfalda siðgæðis. Sjá Guðni Elísson, „From Romanticism to Realism“, *A History of Icelandic Literature*, ritstjóri Daisy Neijmann, Lincoln og London: University of Nebraska Press, 2006, bls. 308–357.

<sup>48</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 43. Einhverra hluta vegna verður mér alltaf hugsað til þess þegar Júel Júel Júel traðkaði á andliti Ólafs Káasonar þegar ég heyri orðið „sparkíliggjandimenn“ og þess sem kerlingin í eldhúsinu sagði við Ljósvíkinginn á eftir: „Það er aumur stórhöfðingi sem hefur ekki kjark til að sparka í andlitið á fátæklingi án þess að taka upp budduna á eftir“. Halldór Laxness, *Heimsljós*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 2002, bls. 245.

Presturinn er vígreifur andófsmaður allrar efnishyggju eins og hún leggur sig. Hann er ekki aðeins málsvari sinnar stéttar heldur andans yfirleitt, sem verður ljóst þegar það opinberast að eitt sinn var hann skáld og þjónaði andanum á annarri hæð. Sólmundur hlúir sökum þess að mannlegum, jafnt sem heilögum anda og fær að láta móðan mása nokkuð óáreittur verandi nokkurs konar sérvillingur. Geðheilsa hans hangir mestan part bókar á bláþræði sem slitnar í lokin. Frá þessum andans manni streymir raunarolla samtímans hindrunarlaust og viðkvæðið er yfirleitt að „manneskjan í manndýrinu [sé] að deyja“.<sup>49</sup> Tölur prestsins líða þó fyrir þá sök að hann er kómísk persóna og því mun lesandi ávallt taka orðum hans með hæfilegum fyrirvara. Það er eftir sem áður beittari og djúpristari gagnrýni sem tifar um síður bókarinnar.

Þrátt fyrir að nærtækast sé að líta á Halldór Benjamínsson sem aðalpersónu *Landslag er aldrei asnalegt* spilar önnur persóna hennar nokkuð afdrifamikili hlutverk. Gusa [Dufgus Tímóteusarson] mætti kalla helstu táknmynd verksins. Færa mætti rök fyrir því að Gusi sé fjarðarmenningin holdgerð, til dæmis hefur Halldór á orði að honum finnist „sem Gusi hafi verið hér næstum síðan Guð þrýsti fingrinum niður í hálfstorknað vax landsins, benti oní fjörðinn og sagði: Hér skal vera líf!“<sup>50</sup> Dufgus fæðist í firðinum, lifir þar og deyr. Líf hans er nátengt „líf“ sjávarbýlisins. Gusi er fánaberi sjósóknarans, þess sem á ekki aðra guði en fiskinn, þess sem hefur salt í skegginu, eld í augum og ólgandi sjó í æðum. Hann er á sömu leið ímynd heimsmyndar sem er að líða undir lok á okkar tímum. Það er Gusi sem spyr hvorki kóng né prest hvort hann megi sigla og missir sökum þess veiðileyfið fyrir að fiska á bannhelgi. Málsbætur hans voru að „í íslensku stjórnarskránni stæði svart á hvítu að fiskurinn kringum landið væri eign Íslendinga allra og ætti að nýta til að halda uppi byggð í landinu [...] þeir væru að banna mönnum að bjarga sér.“<sup>51</sup> Gusi er nefnilega flekklaus af stofnavæðingu þjóðfélagsins og sér lengra en ofan í vasann eða veskið.<sup>52</sup> Hann er einn af milljón líkt og Bjarni á Kolkustöðum.

<sup>49</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 146.

<sup>50</sup> Sama rit, bls. 10.

<sup>51</sup> Sama rit, bls. 97.

<sup>52</sup> Manni er innanhandar að ímynda sér að frjáls sjósókn Gusa feli í sér gagnrýni á kvótakerfið sem einhverjir vilja meina að hafi snúist upp í kapítalískt einokunarkerfi. Bergsveinn drepur til dæmis á þetta í *Handbók um bugarfar kúa*: „[É]g meina, fiskkvótar sem heilt byggðarlag hefur búið til og unnið fyrir eru seldir á einum eftirmiðdegi í Reykjavík í vasa nokkurra“ (bls. 65–6). Þar að auki er áhugasömum bent á dagblaðaskrif Bergsveins um smábátaútgerð á Íslandi „Aðför að þjóðmenningu“, *Morgunblaðið*, 30. ágúst 1997, bls. 28.

Báðir eru Gusi og Bjarni aldamótamenn sem hafa séð veröldina, íslenska menningu, taka óheyrilegum breytingum. Gusi fór á sjóinn þrettán ára og komst til manns „í þann tíð þegar jólin voru eplakassi sem kom með haustskipinu“<sup>53</sup> og Bjarni, sem slítur barnsskónum á Kolkustöðum, líkt og áar hans í níu ættliði fyrir hans dag, hefur lifað tímanna tvönnu. Hann man þá tíð þegar bjargráðin voru svo naum að fleiri en ein fjölskylda deildi þaki og „allt fólkið lá í einni sæng í baðstofunni“ og þegar amma hans „óx úr grasi var sápa ekki til í sveitinni, föt og rúmklæði voru þvegin upp úr keytu líkt og tíðkast hafði frá upphafi vega.“<sup>54</sup> Bjarni er líkt og Gusi gangandi og holdi klædd menning „þessarar“ þjóðar, millistykki til fornrar tíðar sem má hugsa sér að hverfi að þeim báðum gengnum Það tekur enginn við skipi Gusa fremur en nokkur tekur við búi Bjarna í sögulok. Tími þeirra er liðinn. Gests er rétt að byrja.

### *Pómó og heteró. Eða; Þeir hafa leyst listamannakaffihúsin af hólmi með makkdonaldsjukki*

Aðalpersónur bóka Bergsveins eru jaðarpersónur af einni eða annarri sort, karlmenn – Halldór Benjamínsson (*Landslag er aldrei asnalegt*); Gestur „Sigurjónsson“ (*Handbók um hugarfar kúa*) og Bjarni Gíslason á Kolkustöðum (*Svar við bréfi Helgu*) – sem hafa allir á einn eða annan hátt einangrað sig, nauðugir eða viljugir frá umhverfi sínu, jafnvel tíma sínum. Halldór flýr mótlætið sem hann verður fyrir í bænum strax og hann lýkur samræmdum prófum og finnur skjól í „veðravítinu í Geirmundarfirði“ þar sem tíminn virðist standa í stað.<sup>55</sup> Rafmagnið dettur iðulega út og sömuleiðis sjónvarps-

<sup>53</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 10.

<sup>54</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, bls. 17 og 57.

<sup>55</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 229. Hér er útlit fyrir að okkur Friðu Björk Ingvarsdóttur greini á. Í ritdómi hennar „Örlogaríkt ástleysi“ sem birtist í *Tímariti Máls og menningar* segir hún: „Aðalsöguhetjan, Halldór Benjamínsson, er ungur trillukarl sem varð eftir í sjávarplássi norður við ysta haf er móðir hans og systkini fluttu brott í kjölfar þess að faðir þeirra dó í vinnuslysi“ (119). Þessu get ég ekki verið sammála og það helgast af tvönnu. Fyrir það fyrsta flytur Halldór í bæinn ásamt móður sinni, líkast til eftir að faðir hans fellur frá – það er aldrei sagt hreint út – en snýr aftur einsamall. Sú staðreynd blasir við í kaflanum „Til baka í Geirmundarfjörð“ þegar Halldór rifjar upp æsku sína. Hann segir: „Og ég sagði Arnheiði hvernig mér fór að líða illa meðal fólks og hvernig ég fann skjólið hér í veðravítinu í Geirmundarfirði og þraukaði veturna einungis með það í hugskotinu að komast hingað norður til Gusa frænda [...]“ (bls. 197). Í öðru lagi tel ég að Halldór sé einkabarn sem ég rökstyð með jólagjafalógíkinni í neðanmálgrein 29 í þessum skrifum.



útsendingar í firðinum. Ekki ber heldur á því að menn séu græjaðir öllum þeim nútímans tækjum sem teljast sjálfsögð, ef ekki beinlínis lífsnauðsynleg í dag: snjallsímum, fartölvum, æpöddum og –poddum og öðrum stafrænum framlengingum mannsvitundarinnar. Yngsta bókin í Lestrarfjelaginu er, svo ekki verði um villst: „frásagnir Árna Óla frá 1955, frá þeim tíma þegar Hneitisstaðahreppur fór að missa íbúana suður í sæluna í Reykjavík.“<sup>56</sup> Allt um það er hægt að setja innri tíma verksins með nokkurri vissu niður frá miðbiki tíunda áratugarins allt til ársins 2003 þegar nær öll þessi raftæki voru komin í umferð að einhverju leyti. Skáldið Snægrímur, sem er skoð-anabróðir og eins konar yngri útgáfa af prestinum í *Landslag er aldrei asnalegt* segir til að mynda á einum stað: „[E]kkert nema skömm fyrir Íslending að koma til Reykjavíkur, þessarar one night standtown eins og hún er auglýst á Netinu. Þeir hafa leyst listamannakaffihúsin af hólmi með makkdonaldsjukki“.<sup>57</sup> Það var ritstjóri *Morgunblaðsins* Davíð Oddsson sem beit í fyrsta makkdonaldsborgarann þann níunda september árið 1993 eins og margur kann að muna og svo má finna kæru jafnréttismála á hendur Flugleiða hf. og Icelandair vegna auglýsingar þeirra undir vígorðunum: „Fancy a dirty weekend in Iceland“, „One Night Stand in Reykjavík“ og fleira úr sömu bók, frá árinu 2003.<sup>58</sup> Það er því ljóst að þessi flótti frá samtímanum stafar af vali (sögu)höfundar og sögupersónu en ekki af nauðsyn.<sup>59</sup> Þennan flóttu, félagslegan og samtímalegan má einnig finna í *Handbók um bugarfar kúa* þar sem flóttinn er frekast byggður á gagnrýni og afneitun á samtímanum sem endar með algerri félagslegri sóttkví Gestis og í *Svar við bréfi Helgu* þar sem söguviðið er gamli tíminn í sveitinni. Bréf Bjarna rúmar lungann úr 20. öldinni og þar eru gerð skörp skil milli tímanna tveggja með því að mæra þá veröld sem var og þá fornu speki sem Bjarni bóndi heldur dauðahaldi í

<sup>56</sup> Bergsveinn Birgisson, *Landslag er aldrei asnalegt*, bls. 64.

<sup>57</sup> Sama rit, bls. 57.

<sup>58</sup> Sjá Andri Árnason, Ragnheiður Thorlacius og Þuríður Jónsdóttir, „Álit kærufundar jafnréttismála, mál nr. 4/2003 A gegn Flugleiðum hf. og Icelandair ehf“, stjórnarradid.is, 2003, sótt 19. júní 2020 af <https://www.urskurdir.is/felagsmala/kaerunefndjafnrettismala/nr/1529>. Þá má benda á grein Úlfhildar Dagsdóttur, „Náttúrulega svalt. Íslensk náttúra, næturlíf og nautnir í boði Flugleiða“ sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 19. október 2002, bls. 4–5 og eins grein Heiðu Jóhannsdóttur, „Under the Tourist Gaze. Reykjavík as the City that Never Sleeps“ úr *The Cultural Reconstruction of Places*, ritstjóri Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: University of Iceland Press, 2006, bls. 111–121.

<sup>59</sup> Þetta minnr einnig á kvikmyndir Dags Kára Péturssonar og Aki Kaurismäki til dæmis, þar sem ákveðið tímaleyfi er áberandi, það er alltaf eins og persónur þeirra hafi orðið útundan í tækniratískri þróun sögunnar.

meðan hann verst innrás nútímans á dyrahelluna.<sup>60</sup> Í *Svar við bréfi Helgu* er ekki aðeins saga Bjarna rakin – sama gildir um æviþætti Gusa í *Landslag er aldrei asnalegt* – heldur saga þjóðarinnar, því þetta tvennt tvinnast saman órjúfanlegum böndum. Á einum stað segir Bjarni: Við vitum að framfarir eru á mörgum sviðum og ætli nokkur kynslóð önnur en okkar eigi eftir að upplífa þvílíkar breytingar á sínum högum á einni ævi? Við ólumst upp í menningu sem hafði lítið breyst síðan á landnámsöld og fengum líka að kynnast hinum vafasama nútíma, tækjum hans og tólum og gerilsneydda mjólkurglundri.<sup>61</sup> Með Bjarna förum við í ferðalag sem stappar nærri árhundraði og mælir tilfærslu íbúa þessarar eyju úr bæ í borg, úr fortíð í nútíð. Bréf hans og saga sýna gömul byggðarlög og hugsjónir slitna sundur milli framtanna tímans, og greina innrás nútímans í íslenskt samfélag.<sup>62</sup> Eða, eins og hann segir sjálfur: „Ég fékk að smakka á því – lífinu. Það er nú svoleiðis, Helga mín.“<sup>63</sup>

Það er forvitnilegt, þegar gaumgæft er hversu nátengt líf Gusa og Bjarna er sögulegri þróun fósturjarðarinnar og 20. aldarinnar almennt, hvað Gestur er að sama skapi sögulaus, en það kann að vera einkenni þeirra póstmódernísku og síðkapítalísku tíma sem hann er uppi á. Sagan verður að ímyndun í söguleysi póstmóðernismans en ekki herrafrásögn og „fortíðinni sem „táknmiði“ [er] smám saman vikið til hliðar og síðan eytt og við sitjum eftir með eintóman texta“.<sup>64</sup> Bandaríski bókmenntafræðingurinn Frederic Jameson

<sup>60</sup> Það er næsta erfitt fyrir lesanda að heillast ekki af persónu bóndans á Kolkustöðum, kynngimögnuðu orðfæri hans og háttum. Gylltum ljóma slær á horfinn heim og minnir lesendur á liðna tíð, þá „einföldu“ daga áður en „við“ gerðumst undirseld boðorðum neysluhyggjunnar. Það sem gerir Bjarna meðal annars svo heillandi er vísast hversu mannlegur hann er. Einhver helgidómur hvílir yfir lífsviðhorfi hans og viðmóti svo lesandi kemst ekki hjá því að gera samanburð við ævi sína og velta fyrir sér hvort hinu manneskjulega hafi verið fórnað á altari munaðarins; hvort menn eins og Bjarni, eða þá Gísli gamli á Karlseyri heyrir sögunni til? Þannig sver bókin sig í ætt við aðrar bækur sem segja má að gagnrýni samtímamann með því að „sýna“ liðna tíð við góð birtuskilyrði, til dæmis „Kartöflubók“ Sölvu Bjarnar Sigurðarsonar, eða 17. aldar bækur Sjóns, svo eitthvað sé nefnt.

<sup>61</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, bls. 66.

<sup>62</sup> „Sambandið var upprunalega samtök bænda sem áttu að standa vörð um hag þeirra [...] en Sambandið breyttist í stórveldi og afætufélag í Reykjavík sem rak fleyg í félagshugsjónina“ (65); Framsóknarflokkurinn sem menn kusu í blindri trú því: „Maður trúir nú á Guð þótt maður sjái hann ekki“ (31); Frystikistan kemur (18); Commander–sígarettur (19); Gauta–vélin (28); fyrsta dráttarvélin í héraðinu (33) og Kampurinn (96).

<sup>63</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, bls. 8.

<sup>64</sup> Fredric Jameson, „Póstmóðernismi: eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“,

hefur til dæmis sagt „við erum dæmd til að leita Sögunnar í gegnum okkar eigin popp-ímyndir og eftirlíkingar af henni, enda þótt hún verði sjálf að eilífu utan seilingar okkar.“<sup>65</sup>

Sú hugmynd sem Jameson orðar hér kemur hugsanlega best fram í kafl-  
anum þegar Gestur fer úr borginni, en þó ekki lengra en í Heiðmörkina, og sér að allur trjágróðurinn er kostaður af fyrirtækjum eða kvenfélögum. Skógurinn er ekki náttúra lengur, hann er framleiðsla, (ó)menningarleg afurð – Disneyland – sem er merkt styrktaraðilum í bak og fyrir. Lífrænt ræktuð auglýsingaskilti. „Þegar nútímavæðingunni er lokið og náttúran er öll siturðu uppi með póstmóðernisma“, sagði Jameson.<sup>66</sup> Þetta er hinn ýkti raunveruleiki, eða ofurveruleiki líkt og Baudrillard kallaði hann, þar sem skilgreiningar sem aðskilja raunmynd og eftirmynd sundrast; allt er líkan, tákmynd; allt er yfirborð án dýptar.<sup>67</sup> Þetta póstmóðerníska söguleysi er einnig áréttað með því að sjálfsvera Gestis er í molum. Hann er „líkt og splittaður í átta persónur“, eins og segir á einum stað.<sup>68</sup> Bjarni og Gusi voru ekki í vafa um hverjir þeir voru né hvaðan, gátu rakið ættir sínar til forn-  
manna og þekktu hvern stökk og stein í umhverfi sínu. Gestur veit ekki einu sinni hver hann er. Hann veit ekkert um uppruna sinn, lifir í falskri trú um að ættarsaga hans sé einhvers konar glansmyndar-þáttur úr *Hús og híbýli* og hefur aldrei verið kyrr nógu lengi á sama stað til að skjóta rótum, hvað þá safna mosa. Lífshlaup hans og sjálfsvera er tilbúningur. Hann þekkir hvorki móður sína né föður. Hann á sér hvergi samastað, sem kemur kannski best fram í því nafni sem honum var gefið. Hann er gestur. Móðir hans kallaði líf sitt leikrit: Happí fjölskylda á Nesinu.

---

þýðandi Magnús Þór Snæbjörnsson, *Af marxisma*, ritstjórar Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 236–301, hér bls. 258.

<sup>65</sup> Sama rit, bls. 268.

<sup>66</sup> Alan Bullock og Stephen Trombly (ritstjórar), *The New Fontana Dictionary of Modern Thoughts*, London: HarperCollins, 2000, bls. 674.

<sup>67</sup> Sjá til dæmis Peter Barry, „Postmodernism“, *Beginning Theory. An Introduction to Literary and Cultural Theory*, Manchester og New York: Manchester University Press, 2002, bls. 89. Þá segir í inngangi að bókinni *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, sem er samantektarit um Baudrillard: „Raunveruleikinn er ekki lengur eins og hann átti að sér að vera. Hann hefur látið undan eftirlíkingum af sjálfum sér og er eftirlíðis ofurraunverulegur. Við búum þar af leiðandi í eyðimörk veruleikans þar sem eftirlíkingin er orðin raunverulegri en „raunveruleikinn“ sjálfur“. Jean Baudrillard, *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstjóri Geir Svansson, Reykjavík: Bjartur – ReykjavíkAkademían, 2000, bls. 7.

<sup>68</sup> Bergsveinn Birgisson, *Handbók um hugarfar kúa*, bls. 118.

Þið leikið. Ég hef alltaf fundið á mér að það sé eitthvað meira en lítið bogið við þetta heimili en nú hef ég séð leikritið skýrt og greinilega þó svo ég hafi tekið þátt. Leikritið heitir Happí fjölskylda á Nesinu og eru sýningar sérlega glæsilegar þegar „fínu“ gestina ber að garði.<sup>69</sup>

Móðir hans talar um að hafa alist upp í „leikriti smáborgaradauðans“ og spyr hvaða „fáránlega samþykki *áborfenda* liggi að baki“.<sup>70</sup> Hlutverkið sem Gestur kys sér er að vera doktor í menningarfræðum en hann fær ekki að leika það og þarf að gerast kúfræðingur til að öðlast aðgang, bara einhvers staðar og að einhverju.<sup>71</sup> Það mætti jafnvel hugsa sér að söguleysi Gests, og hvernig hann týnir sér í rannsóknum ofan í kjallaraborunni sinni, megi túlka sem eins lags heterótópískan flóttu frá högum hans, og það sama mætti segja um sjálfskipaða útleigð Halldórs eða rörtangarhald fortíðarinnar á Bjarna.

Heterótópían og heterótópísk staðfræði er runnin undan rifjum Michel Foucault.

Fræðunum er ætlað að lýsa þeim sérkennilegu rúmum sem standa með einhverjum hætti í senn utan og innan samfélags okkar og koma róti á hefðbundna formgerð þess og markalínur [...] Þetta eru „afbrigði útópíu sem er orðin að áþreifanlegum veruleika“ og því ekki lengur hrein ímyndun eða „staðleysa“, heldur hluti af hversdagslífi okkar.<sup>72</sup>

Heterótópían tengist gagnrýni póstmóðernismans á markhyggju nútímans sterkum böndum því einkenni hennar og hlutverk birtast í því að annað hvort skapar hún blekkingarrými, blekkingarheterótópíu „sem sýnir að hið raunverulega rými í heild, allar staðsetningarnar sem líf mannsins er hólfað niður í, eru enn meiri blekking“ og sver sig þannig í ætt við ofurveruleika Baudrillard.<sup>73</sup> Eða hún skapar eins konar sárabóta–heterótópíu „annað raun-

<sup>69</sup> Sama rit, bls. 12.

<sup>70</sup> Sama rit, bls. 68 og 162. Leturbreyting mín.

<sup>71</sup> Að maður skilgreini „veru“ sína út frá starfsvali er svo inngróið í daglegt líf að maður áttar sig varla á því, frekar en öðrum hugmyndafræðilegum afurðum sem virðast náttúrulegar. Tvær spurningar eru til dæmis ofarlega á baugi þegar Íslendingar vilja vita eitthvað um hagi manns, hver maður sé. Spurt er hverra manna maður sé og hvað maður geri/starfi. Gestur er ófullnægjandi á báðum sviðum. Hann þekkir ekki rætur sínar og starfsval hans þykir ónýtt.

<sup>72</sup> [Inngangur þýðanda að] Michel Foucault, „Um önnur rými“, *Ritið* 1/2002, þýðandi Benedikt Hjartarson, bls. 131–142, hér bls. 131–132.

<sup>73</sup> Sama rit, bls. 141.

verulegt rými sem er jafn fullkomið og jafn óaðfinnanlegt, jafn vel skipulagt og okkar eigið er óreiðukennt, illa skipulagt og ruglingslegt.<sup>74</sup> Undir sárabóta-heterótópiu mætti flokka staði eins og Disneyland, skemmtigarða eða „sponseraða“ skóginn í Heiðmörk.

Heterótópían þarf ekki að vera eiginlegur, áþreifanlegur staður heldur má líta á rýmið sem afleiðingu af virkni í tíma, eða virkni í sjálfri sér. Hún er „rými“ í sinni víðustu merkingu þar sem önnur viðmið gilda og er yfirleitt bundin niðursneiðingu tímans og „opnast inn í það sem í beinu framhaldi mætti kalla heterókróníur.“<sup>75</sup> Hún öðlast þannig fyrst fulla virkni þegar maðurinn er slitinn úr tengslum við tíma sinn. Þannig geti jafnvel sérkennilegar aðstæður virkað sem heterótópiur, að minnsta kosti um stundarsakir.

Foucault taldi að lífi mannsins væri stjórnað af andstæðum sem hann gengist við hugsunarlaust, til dæmis „milli einkarýmisins og hins opinbera rýmis, á milli fjölskyldurýmisins og hins félagslega rýmis, á milli hins menningarlega rýmis og nytjarýmis, á milli tómsundarýmisins og rýmis vinnunnar.“<sup>76</sup> Heterótópían og rými hennar væri hins vegar tól til þess að „vefengja það rými sem við lifum í“ og öðlast þannig óneitanlega pólitískar skírskotanir.<sup>77</sup> Lífið í firði Halldórs, eða sveit Bjarna, eða gagnert innhvarf Gests í lokahluta *Handbókar um hugarfar kúa*, má sökum þess túlka sem visst andóf við það rými sem lesandi lifir í.

Í ljósi þessa má kannski sjá sjálfskipaða einangrun karlpersóna í þeim bókum Bergsveins sem hafa verið hér til umfjöllunar – í afskiptum fjörðum, bæjum eða kjöllurum – frá öðrum og, kannski, gagnrýnni bæjardyrum. Einangrun þeirra er flótti. Eru þeir ekki allir að flýja eitthvað – samfélagið – og leita sér að rými þar sem önnur viðmið gilda? Þar sem þeir geta sleppt sér um stund. Eiginlega veru þeirra, í tímalegum og staðfræðilegum skilningi má túlka sem þögul mótmæli og samtímis háværa gagnrýni.

Bréf Bjarna setur fram skýrar andstæður milli sveitar og borgar sem var áberandi í íslenskum bókmenntum á fyrstu þremur áratugum 20. aldarinnar í kjölfar breyttra þjóðfélagsaðstæðna.<sup>78</sup> Andstæðurnar kalla á tvenndar-

<sup>74</sup> Benedikt Hjartarson, „Staðlausir staðir. Um útópíska arfleifð í menningargagnrýni póstmóðernista“, *Ritið* 1/2002, bls. 73–96, hér bls. 77.

<sup>75</sup> Heterókrónía er útskýrð af þýðanda neðanmáls í grein Foucaults: „Hugtakið lýsir því hvernig tíminn, engu síður en rýmið, er ávallt sundurleitur, flókið safn hugmynda og skynjana.“ Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 139.

<sup>76</sup> Sama rit, bls. 134.

<sup>77</sup> Sama rit, bls. 136–7.

<sup>78</sup> Í bókinni *Íslenskar nútímabókmenntir 1918–1948* talar Kristinn E. Andrésson um að á árunum 1930–1939 sé eitt af því sem valdi hvað mestum árekstrum í þjóðfélaginu sú

hugsunarkerfi franska mannfræðingsins Claude Lévi–Strauss sem komst að þeirri niðurstöðu í gegnum goðsögurannsóknir sínar að maðurinn skynjaði heiminn í andstæðum tvenndum. Með því móti falla sveitin og Ísland í einn dálk en borgin og Bandaríkin (sem táknmynd um innreið kapítalismans og nútíma neyslu– og efnishyggju) í annan. Reykjavík er því ekki aðeins borg heldur er hún táknmynd fyrir hugmyndafræðilegt landnám Bandaríkjamanna.<sup>79</sup> Á öldutoppi þessarar nútímavæðingar samfélagsins, og þeirra breyttu lifnaðarháttanna sem fylgja í kjölfarið, situr Reykjavík og verður eins konar táknmynd, suðupottur nýrra tíma og nýs gildismats. Í *Svari við bréfi Helgu* segir:

Það væri svo sem ásætlanlegt að búa í borg, ef fólk yrði ekki unnvörpum svona leiðinlegt af að búa þar. Meiraðsegja endurnar á Tjörninni, sem fá allt upp í gogginn á sér, missa geislan sína og persónuleika [...] Endurnar á Tjörninni hafa orðið alveg eins og fólkíð, dauflegar afætur sem bítast um það sem til þeirra er kastað.<sup>80</sup>

---

togreita sem ríki milli sveita og bæja. „Ýmsum þótti velferð þjóðarinnar í hættu, ef sá grundvöllur í sveitunum, sem tilvera hennar hafði hvílt á um aldir, brysti í sundur og þjóðfélagsstarfsemin ætti að flytjast yfir í bæina, þar sem aðallega yrði drottandi erlend tíska. Í öðru lagi sköpuðust átök milli þeirra sem vildu halda áfram sem fastast við þjóðlega erfðavenju og hinna, sem vildu mest frjóvga þjóðlífið áhrifum erlendis frá.“ Kristinn E. Andrésson, *Íslenskar nútímabókmenntir 1918–1948*, Reykjavík: Mál og menning, 1949, bls. 34–35.

Í mörgum verkum þess tíma má sjá þessa togstreitu greinilega þar sem „þrá eftir óbrotnu lífi í skauti sveitarinnar og svo aftur seiður borgarljósanna þar sem margvíslegar syndir eru drýgðar“ takast á. Sjá Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga IV*, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 14. Eins: „Sumir höfundar lögðu mikla áherslu á þátt bænda í íslenskri menningu; þeir aðhylltust umfram allt innlenda hefð og hneigðust frekar til innilokunarstefnu en opingáttarstefnu“, Sigurður Nordal var til að mynda þeirra á meðal. Árni Sigurjónsson, „Sagnagerð á þriðja áratug aldarinnar“, *Íslensk bókmenntasaga IV*, bls. 26.

En svo voru aftur á móti líka til þeir sem tóku þessari þróun og þeim módernísku straumum sem henni fylgdu höndum tveim og má þar á meðal nefna menn eins og Laxness sem ritaði *Vefarann mikla frá Kasmír* (1927) á þessum tíma og Þórberg Þórðarson sem skrifaði *Bréf til Láru* (1924). Hvort tveggja eru þetta módernísk verk. Einnig er vert að minnast á höfunda sem komu síðar upp, til dæmis Indriða G. Þorsteinsson sem skrifar *79 af stöðinni* árið 1955; eða Jakobínu Sigurðardóttur og Ólaf Jóhann Sigurðarson sem lýsa því í bókum sínum *Lifandi vatnið* (1974) og *Drekar og smáflugur* (1983) hvernig „sú sveit sem bændur bjuggu til með nýju vélunum var ekki sú sama og menn höfðu yfirgefið.“ Sjá Dagný Kristjánsdóttir, *Íslensk bókmenntasaga IV*, bls. 437.

<sup>79</sup> Sjá Kjartan Már Ómarsson, „Týndi sonurinn. Hugleiðing um líkneski Leifs heppna Eiríkssonar“, *Ritið* 1/2015, bls. 57–84.

<sup>80</sup> Bergsveinn Birgisson, *Scar við bréfi Helgu*, bls. 73.

Það er hins vegar aðeins talað tvisvar um náttúru í *Handbók um bugarfar kúa* og þá aðeins í gildishlöðnum tilgangi. Bókin byrjar í Hvalfirði og er lesandi minntur á efnahagslegar afleiðingar framþróunar á frjálsum markaði. Hvalfjörðurinn og aflóga Botnsskálinn sem áður iðuðu af lífi og lyktinni af soðnum pylsum eru aðeins heimili drauga og búsældarlegra flugna nú til dags, og loks er lesandi minntur á „gerviskóginn“ í Heiðmörk – þar sem ekkert grær nema í boði markaðarins. Andstæðan sem höfuðborgin getur af sér er ekki lengur sveit/borg, heldur er andstæðan heterótópía/hversdagurinn. „Sveitin“ hefur verið lögð niður og í stað hennar framleidd önnur útgáfa sem á að fela þá staðreynd að það sem við höldum að sé náttúrlegt er í raun tilbúningur, menning í versta skilningi. Kýr koma úr tilraunaglösum, tré vaxa í boði styrktaraðila og gamalgróin gildi falla í verði á frjálsum markaði. Er kannski eitthvað athugavert við það?

Bjarni bóndi segir:

Það er eitt að trúá og tileinka sér framfarir, Helga mín, annað er að byrja að fyrirlíta hið gamla. Gömlu torfbæirnir eru allir horfnir núna því þeir minntu fólk á kulda og sagga og það sem menn svo miskunnarlaust kalla molbúahátt. En hvaða menningu eiga þeir sem tala svo? Þegar menn snúa baki við sögu sinni, þá fyrst verða þeir litlir.<sup>81</sup>

Með nokkurri einföldun mætti segja að Bergsveinn skrifi til þess að minna á að ekki beri að fyrirlíta hið gamla, því þar leynist gullíð í grjótinu – í kuld-  
anum og sagganum. Það kemur fram í *Handbók um bugarfar kúa* að menning okkar sé „gömul og púkó“ en „ef við fyrirlítum hana fyrirlítum við sögu okkar og okkur sjálf“. <sup>82</sup> Því hvað erum við annað en afurð þeirrar menningar sem við köllum okkar eigin? Því mætti halda fram að þau efnisatriði sem hér hafa verið talin: tungumálið, brostnar fjölskyldur, þunglyndi og einangrun kristallist þegar á heildina er litið í einum kontrapunkti. Sú þungamiðja er viss gagnrýnn tónn um íslensk þjóðmál. Þessi tónn er sleginn strax í fyrstu bók Bergsveins og það má enn heyra hann hringja í skrifum hans sjö árum síðar.<sup>83</sup>

<sup>81</sup> Sama rit, bls. 66.

<sup>82</sup> Bergsveinn Birgisson, *Handbók um bugarfar kúa*, bls. 183.

<sup>83</sup> Ég vil færa nafnlausum ritrýnum *Ritsins* mínar allra bestu þakkir fyrir vandlegan yfirllestur og nytsamlegar ábendingar. „Peer review is a topic that is impossible to make sexy, but it's crucial“. Naomi Oreskes og Erik M. Conway, *Merchants of Doubt. How a Handful of Scientists Obscured the Truth on Issues from Tobacco Smoke to Global Warming*, New York, Berlin og London: Bloomsbury Press, 2020, bls. 292.

## ÚTDRÁTTUR

Í greinninni er litið yfir höfundarferil Bergsveins Birgissonar allt frá árinu 1992 til 2010. Þá er sér í lagi vikið að þremur skáldsögum hans sem komu út á tæpum áratug, *Landslag er aldrei asnalegt* (2003), *Handbók um hugarfar kúa* (2009) og *Svar við bréfi Helgu* (2010) og dregin fram þau höfundareinkenni sem segja má að einkenni skrif Bergsveins á þessum árum. Litið er lauslega yfir sögu höfundarfræðanna í þeim tilgangi og dreginn fram rauður þráður sem segja má að bindi þessar skáldsögur saman. Niðurstaðan er sú að skáldleg notkun á tungumáli, þemu um brostnar fjölskyldur, þunglyndi og einangrun og gagnrýnn tónn um íslensk þjóðmál hverfist um þá höfundarmiðu sem Bergsveinn staðsetur sig í á tímabilinu.

*Lykilorð:* Bergsveinn Birgisson. Íslenskar bókmenntir. Höfundarfræði. Póstmóðernismi. Heterótópía.

## ABSTRACT

### **Sheeps and Cows: Author, Style and Cloven-Hoofed Critique in three Birgisson novels**

The article overviews Bergsveinn Birgisson's career from 1992 to 2010. Consequently, three of his novels, *Landslag er aldrei asnalegt* (2003), *Handbók um hugarfar kúa* (2009) and *Svar við bréfi Helgu* (2010) will be analyzed with the aim to highlight the author's characteristics, that can be said to be predominant in his writings of the period. For that purpose the studies of authorship are introduced and utilized in order to bind the three novels together thematically. The result is that the themes of broken families, depression and isolation in unison with, the poetic, ideosyncratic use of language and a critical assessment of the Icelandic socio-cultural landscape are prevailing at the authorial center of Bergsveinn's writings during the period under examination.

*Keywords:* Bergsveinn Birgisson. Icelandic literature. Author studies. Postmodernism. Heterotopia.

KJARTAN MÁR ÓMARSSON

Doktorsnemi í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-102 Reykjavík, Ísland

ko@hi.is